

**Dómsmál** Franskir viðskiptavinir Landsbankans í málaferlum vegna eignastýringar bankans

# Fjórum stjórnendum Landsbankans stefnt í Lúxemborg

Fjórum stjórnendum Landsbankans í Lúxemborg hefur verið stefnt til ábyrgðar vegna tjóns skjólstæðinga bankans þar. Um er að ræða franska einstaklinga sem settu fjármuni sína í vörslu hjá bankanum. Það er franski lögmaðurinn Emmanuel Jacques sem rekur málið en hann þekkir vel til á Íslandi. Samkvæmt því sem Viðskiptablaðið kemst næst beinist stefnan að þeim Gunnari Thoroddsen, bankastjóra í Lúxemborg, og stjórn bankans sem var skipuð þeim Halldóri J. Kristjánssyni, Elínu Sigfúsdóttur og Sigurjóni Árnasyni. Einnig hefur skiptastjóra bankans verið stefnt. Málið verður tekið fyrir 20. apríl næstkomandi.

Stefnan mun tengjast máli er varðar um það bil 600 vel



stæða viðskiptavini Landsbankans í Lúxemborg. Landsbankinn hafði boðið fólkinu aðgang að þjónustuvöru sem

kölluð var Lex Life sem byggðist á því að fólkið veðsetti húsnæði sitt og gat veðsetningin numið allt að 90% af verðmæti

húsnæðisins. Fólkið hélt eftir 20% af upphæðinni en bankinn tók afganginn í sína vörslu undir merkjum fjárfestingar. Átti ávöxtunin að standa undir vöxtum og afborgunum af lánuinu.

Í stefnunni kemur fram að Landsbankinn hafði í stöðugt auknum mæli fjárfest í eigin skuldabréfum samfara því sem bankinn átti æ erfiðara með að nálgast fjármagn. Þannig mun skjólstæðingur Jacques sitja uppi með sjóð sem hefur fjárfest 92% í skuldabréfum Landsbankans sem núna eru verðlaus. Stefnan gengur út á að stjórnendur Landsbankans hafi brugðist trausti skjólstæðinga sinna og farið út fyrir heimildir í fjárfestingum.

» Sjá nánar á [www.vb.is](http://www.vb.is)